

Nr. 3/1969. Miðvikudaginn 2. apríl 1969.  
**Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**  
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)  
 gegn  
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
 (Jón Þorsteinsson hdl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Ragnar Jónsson, Bjarni K. Bjarnason,  
 Einar B. Guðmundsson og Bjarni Sigurðsson.

Frávisunarkröfu hrundið. Sératkvæði.

**Úrskurður.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu útgefni 5. f. m.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að dæmt verði, að ákvörðun stefnda frá 27. febrúar þ. á., þess efnis, að laun ríkisstarfsmanna, gjaldkræf í marzbyrjun 1969, yrðu greidd með þeirri verðlagsuppbót, er gilti fyrir febrúarmánuð 1969, hafi verið ólögleg eins og á stóð.
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða verðlagsuppbót á laun ríkisstarfsmanna fyrir marzmánuð 1969 miðað við vísitölu 1. febrúar 1969.
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Frávisunarkrafa stefnda hefur samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 verið tekin til meðferðar sérstaklega og var munnlegur málflutningur um hana 20. f. m.

Málavextir eru þessir:

Með dómi Kjaradóms 21. júní 1968 var ákveðið, að ríkis-

starfsmenn þeir, sem nefndur dómur tekur til, skyldu fá verðlagsuppbót og kveður 2. gr. dómsins nánar á um það, á hvaða laun verðlagsuppbót skuli greidd. Í 4. gr. dómsins segir, að Kauplagnesnd skuli hinn 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968 og 1. febrúar 1969 reikna þá hækkun, sem hlutfallslega hafi orðið á framfærslukostnaði í Reykjavík frá 1. nóvember 1967.

Þá geymir nefnd 4. gr. enn fremur svohljóðandi ákvæði: „Frá vísitölunni, eins og hún er hverju sinni samkvæmt þessum útreikningi nefndarinnar, dregur hún 2.34 prósentustig og fæst þá hundraðshluti þeirrar verðlagsuppbótar, er greidd skal á laun frá 1. degi næsta mánaðar á eftir, í samræmi við ákvæði 2. gr. Verðlagsuppbótin reiknast með tveimur aukastöfum“.

Í 6. gr. dómsins segir, að hann gildi frá 1. apríl 1968 og til sama tíma og dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967, eða til 31. desember 1969.

Hinn 14. febrúar s.l. hafði Kauplagnesnd eigi enn birt, hver verðlagsuppbótin yrði fyrir tímabilið 1. marz til 31. maí 1969. Þann dag fór stefndi þess á leit við stefnanda, að teknir yrðu upp samningar um endurskoðun dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968 á grundvelli ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefnandi hafnaði þeim tilmælum stefnda 17. febrúar s.l. með þeim rökum, að lagaheimild skorti þá til viðræðna á grundvelli nefnds ákvæðis laga nr. 55/1962. Hinn 24. febrúar s.l. áréttaði stefndi bréflega áðurgreind tilmæli sín um endurskoðun dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968. Vitnar stefndi þar svo sem segir í bréfinu „til þeirrar grundvallarreglu laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að kjör þeirra skuli ráðast af kjörum launþega, sem vinna samþærileg störf hjá öðrum en ríki og sveitarfélögum, sbr. 20. gr. laganna“.

Enn segir svo í bréfi stefnda:

„Ráðuneytið vitnar einnig til þess, að samningum þeim á almennum vinnumarkaði, sem voru forsenda og viðmiðun í niðurstöðu Kjaradóms frá 21. júní 1968, hefur nú öllum verið sagt upp og falla þeir úr gildi frá og með 1. marz n.

k.“ Í bréfi þessu tekur stefndi upp ýmsar fleiri ástæður fyrir þeirri afstöðu sinni, að fullnægt sé skilyrðum 1. málsliðar 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar kjarasamninga án uppsagnar og telur að auki „brostnar forsendur fyrir frankvæmd gildandi kjaradóms að því er varðar verðlagsuppbætur“.

Loks fer stefndi í oftnefndu bréfi þess á leit við stefnanda, að hann samþykki, að greiðsla verðlagsuppbótar verði frá og með 1. marz s.l. hin sama og var 1. febrúar, þar til fengin sé endanleg niðurstaða um verðlagsuppbótina.

Stefnandi svaraði þessu bréfi stefnda 25. s. m. og segir þar m. a., að bandalagsstjórnin ítreki þá afstöðu sína, að lagaheimild skorti til endurskoðunar kjaradóms, þar sem engar kaupbreytingar hafi orðið á almennum vinnumarkaði og geti hún því eigi gengið til sammingsviðræðna um endurskoðun og þá ekki heldur fallizt á, að semja um frávík frá greiðslu verðlagsuppbótar 1. marz, sem sé ótvírætt ákveðin í 4. gr. dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968.

Hinn 27. febrúar s.l. ritar stefndi enn bréf til stefnanda.

Í því segir m. a. svo:

„Sá ágreiningur, sem nú er risinn milli fjármálaráðuneytisins og BSRB snýst um tvö atriði.

1. Hvort skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar dóms Kjaradóms án uppsagnar sé fullnægt.

2. Hvort heimilt sé að greiða verðlagsuppbót febrúarmánaðar á marzlaun, þrátt fyrir ákvæði dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968“.

Um fyrra atriðið segir stefndi, að því máli hafi þann dag verið vísað til sáttasemjara ríkisins, og verði það látið ganga áfram til Kjaradóms, telji sáttasemjari viðræður tilgangslausar.

Að því er síðara aðriðið varðar, ítrekar stefndi skoðun þá, er hann setti fram í áðurnefndu bréfi sínu 24. febrúar s.l., að það sé grundvallarregla í lögum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna, að kjör þeirra skuli vera sambærileg við aðrar stéttir og að greiðsla verðlagsuppbótar á laun samkvæmt beinum ákvæðum dóms Kjaradóms mundi því veita opinberum starfsmönnum kjarabætur, sem engir launþegar í

landinu nytu að svo stöddu án nýrra samninga. Bryti því framkvæmd ákvæða kjaradóms að þessu í bága við grundvallarstefnu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá heldur stefndi því og fram í nefndu bréfi, að honum sé ekki skylt að greiða verðlagsuppbót á laun ríkisstarfsmanna fyrirfram. Lýsir hann því yfir í lok bréfsins, að með skírskotun til þess, sem að framan sé rakið, verði laun gjaldkræf í byrjun marzmánaðar greidd með þeirri verðlagsuppbót, sem gilti fyrir febrúar.

Gaf stefndi út almenna fréttatilkynningu hinn 27. febrúar s.l., þar sem þessari afstöðu hans er lýst.

Á fundi stjórnar stefnanda hinn 1. marz var samþykkt með öllum atkvæðum ályktun þess efnis, að mótmælt væri „laga og samningsbrotum, sem átt hafa sér stað með niðurfellingu á hækkun verðlagsbóta til opinberra starfsmanna 1. marz, þvert ofan í skýr ákvæði í dómi Kjaradóms 21. júní 1968 um, að verðlagsuppbót skuli reikna út í febrúarmánuði og greiða 1. marz“. Þá segir enn fremur svo í ályktun þessari:

„Lögum samkvæmt ber að framkvæma ákvæði þessa dóms (þ. e. Kjaradóms) þangað til nýr samningur hefur verið gerður eða nýr kjaradómsúrskurður liggur fyrir“.

Þar sem samkomulag náðist eigi um það, hvaða verðlagsuppbót skyldi greiða hinn 1. marz s.l., gekk málið til sáttasemjara og sáttanefndar, sem skipuð var sérstaklega, og vísaði hún málinu, að lokinni árangurslausri sáttatilraun, til Kjaradóms hinn 4. marz samkvæmt 3. mgr. 14. gr., sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962. Hefur Kjaradómur nú tekið málið til meðferðar.

Stefndi styður kröfu sína um frávisun þeim rökum, að höfuðágreiningsefni máls þessa sé, hvort fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar og breytinga, miðað við 1. marz 1969, á ákvæðum dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968 um greiðslu verðlagsuppbótar á laun ríkisstarfsmanna. Hér sé því um kjaraágreining að ræða. Úr þessum ágreiningi eigi Kjaradómur að skera, en ekki Félagsdómur. Hafi ágreiningi þessum þegar verið skotið til Kjaradóms. Fyrr en sá dómur hafi kveðið upp úrskurð sinn, viti enginn, hvaða verðlagsuppbót beri að greiða ríkis-

starfsmönnum frá og með 1. marz s.l. Geti því vísitöluupp-  
bót, sem ekki sé enn búð að ákveða, eigi verið gjaldkræf.  
Í afstöðu stefnda til þessa ágreiningsatriðis málsaðilja felist  
eigi heldur það, að skyldu til greiðslu marzverðlagsuppbótar  
sé hafnað af hans hálfu, heldur einungis, að ákvörðun um  
greiðslu bíði úrslita Kjaradóms. Þá sé hvorki í dómi Kjara-  
dóms né kjarasamningalöggunum kveðið á um það, hvenær  
starfslaun skuli greidd, og eigi það jafnt við um launin sjálf  
og verðlagsuppbætur. Ágreiningur um þetta efni varði því  
hvorki skilning á dómi Kjaradóms né kjarasamningalöggun-  
um og falli því ekki undir Félagsdóm til úrskurðar. Beri því  
af þessum ástæðum öllum að vísa báðum dómkröfum stefn-  
anda, eins og þeim sé háttað, frá Félagsdómi.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt frávisunarkröfu stefnda  
og krafizt þess, að henni verði hrundið. Er afstaða hans til  
málsins sú, að stefndi hafi, með því að greiða ekki þeim  
ríkisstarfsmönnum, sem dómur Kjaradóms frá 21. júní 1968  
tekur til, verðlagsuppbót, bæði gerzt brotlegur við almenn  
ákvæði laga nr. 55/1962 og jafnframt gengið gegn beinum  
skyldum sínum samkvæmt ákvæðum nefnds dóms. Stefnda  
hafi borið að fylgja ákvæðum oftnefnds dóms frá 21. júní  
1968, þar til Kjaradómur hafi ákveðið annað, og skipti það  
eigi máli í þessu sambandi, þótt því hafi verið skotið til  
úrskurðar Kjaradóms, hvort efnisástæður séu fyrir hendi  
til breytinga á ákvæðum framangreinds dóms Kjaradóms.  
Hér sé þannig um að ræða ágreining um skyldur stefnda  
samkvæmt lögum nr. 55/1962 og dómi Kjaradóms frá 21.  
júní 1968, en um þann ágreining eigi Félagsdómur úrskurð-  
arvald.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að aðilja greinir  
á um skyldur stefnda og réttindi stefnanda samkvæmt oft-  
nefndum dómi Kjaradóms frá 21. júní 1968 á tímabili því,  
er kann að líða frá 1. marz s.l. og þar til Kjaradómur hefur  
afgreitt það kjaramál, sem til hans var skotið 4. marz s.l.,  
en báðar dómkröfur stefnanda lúta að þessu efni. Samkvæmt  
1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962 dæmir Félagsdómur í mál-  
um, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á nefndum  
lögum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi

hans, sbr. hér 3. mgr. 21. gr. sömu laga. Skiptir það eigi máli við úrlausn um frávisunarkröfu stefnda, eins og atvikum máls þessa er háttað, þótt skotið hafi verið til Kjaradóms kröfu stefnda um það, að sá dómur tæki til endurskoðunar ákvæði dómsins frá 21. júní 1968 um verðlagsvísitölu á laun starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt þessu verður krafa stefnda um vísun máls þessa frá Félagsdómi eigi tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað við efnisúrlausn í máli þessu.

### Ályktunarorð:

Frávisunarkrafa stefnda er eigi tekin til greina.

### Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Með bréfi Fjármálaráðuneytisins 24. febrúar 1969 til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lýsti ráðuneytið því, að það teldi, að fullnægt væri skilyrðum 7. gr. laga nr. 55/1962, til endurskoðunar kjarasamnings við bandalagið án uppsagnar. Beiindi ráðuneytið þeirri kröfu til B.S.R.B., að ákvæðin um greiðslu verðlagsuppbótar á laun frá og með 1. marz 1969 yrðu tekin til endurskoðunar. Jafnframt fór ráðuneytið þess á leit, að samningsviðræður um þá kröfu hæfust án tafar.

Þessu bréfi svaraði B.S.R.B. 25. febrúar og taldi sér ekki fært að verða við tilmælum ráðuneytisins.

Hinn 27. febrúar 1969 sendi Fjármálaráðuneytið málið til sátta-semjara ríkisins. Fór ráðuneytið þess á leit, að hann tæki málið þegar upp til sáttaumleitana, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 55/1962. Lýkur bréfi ráðuneytisins með þessum orðum:

„Ráðuneytið leggur jafnframt áherzlu á, að málið verði án tafar sent Kjaradómi til meðferðar, ef þér teljið sáttaumleitunar tilgangslausar“.

Hinn 28. febrúar skipaði félagsmálaráðuneytið sérstaka sátta-nefnd til að fara með mál þetta, ásamt fleiri málum.

Sáttautilraunir reyndust árangurslausar og vísaði því sátta-nefndin, hinn 4. marz 1969, málinu til Kjaradóms, samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 55/1962.

Þar sem málið þannig sætir meðferð hjá Kjaradómi og Félagsdómi samtímis, þykir rétt, með skírskotun til niðurlagsákvæðis 117. gr. laga nr. 85/1936, að fresta meðferð málsins fyrir Félagsdómi þar til það hefur hlotið endanlega afgreiðslu í Kjaradómi.

Ályktunarorð:

Meðferð máls þessa fyrir Félagsdómi er frestað.

Úrskurður Félagsdóms í máli þessu var kærður til Hæstaréttar og staðfestur þar. Sjá Hrd. XL, bls. 570.

Fimmtudaginn 8. maí 1969.

Nr. 2/1969. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**  
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)  
gegn  
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
(Jón Þorsteinsson hdl.).

D ó m a r a r:

Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Guðjón B. Baldvinsson.

Skýrð ákvæði dóms Kjaradóms um greiðslur fyrir yfirvinnu og vegna óþægilegs vinnutíma. Sératkvæði.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 11. febrúar þ. á. Eru dómkröfur stefnanda þær:

1. að dæmdur verði ógildur úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 27. desember 1967 um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“.
2. að dæmt verði, að ríkisstarfsmenn, er lúta ákvæðum dóms Kjaradóms og eigi hafi verið samið um annað sérstaklega, aðrir en vinnuvökumenn, eigi rétt til yfirvinnukaups samkvæmt ákvæðum 8. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 fyrir þær klukkustundir hins fasta vikulega vinnutíma, sem falla utan dagvinnutíma þeirra samkvæmt ákvæðum 1.—4. tl. 2. gr. nefnds dóms Kjaradóms.